



Fundur í skólaráði 10. október 2018

Mættir: Rannveig Andrésdóttir skólastjóri, Ellen Gísladóttir aðstoðarskólastjóri, Hólmfríður Sigrún Árnadóttir fulltrúi starfsmanna, Hanna Sóley Helgadóttir Skólaseli. Fulltrúar foreldra, Guðmundur Páll Friðbertsson og Guðrún Ásgeirsdóttir. Fulltrúar nemenda Ásrún Inga Arnarsdóttir og Skúli Sturla Helgason .

Dagskrá:

Skólabyrjun:

Rannveig bauð alla velkomna, fór yfir dagskrá vetrarins og ræddur var ákjósanlegur fundartími skólaráðs.

Skólaárið hefur farið vel af stað, búið að manna í Skólaseli og grunnskólanum. Rætt um hvort nemendur í 3. og 4. bekk séu að skila sér í vistun í frístund vegna þess hve seint var hægt að opna fyrir þessa árganga. Enn á eftir að ráða í eina stöðu í leikskólanum. Einn stuðningsfulltrúi er búinn að vera í veikindaleyfi en von á honum til vinnu eftir vetrarleyfi. Matráður skólans er búinn að vera í veikindaleyfi frá skólabyrjun og enn ekki útséð með hvenær hann kemur aftur til vinnu.

FUÁ

Nemendafélagið og skólaráð kynntu ráðið og félagið á föstudagssamveru í síðustu viku. Fyrsta mál FUÁ er að athuga með hvort hægt sé að breyta útlitinu á skólapeysunum.

Skólalóð

Mikil ánægja með nýtt leiktæki á skólalóðinni, áhyggjur hvort þessi tvö tæki munu seinka því að lóðin verði öll endurbætt. Bent á göngustíginn við bílastæðið hvort hægt sé að setja mól eða spæni í moldina og pollana.

Í vetur

Áfram verða vinabekkir starfræktir, 1. og 5.b, 2. og 6.b og 3. og 7.b. og svo fjólublái hópurinn á elstu deild leikskólans og 4.b. Tvö þemu verður að venju á skólaárinu. Fyrri þemað er Vellíðan sem er ágúst til febrúar.

Verið er að endurnýja heimasíður grunnskólanna í borginni, gengur frekar hægt en verið að vinna í því. Hólmfríður og Guðrún Bára hafa umsjón með þessu verkefni.

Páll benti á að það vantar að geta valið netfang kennara í Mentor til að senda kennurum póst beint þaðan.

Persónuverndarlög

Ný persónuverndarlög verða kynnt fyrir starfsmönnum í vikunni. Mesta breytingin varða myndbirtingar á samfélagsmiðlum. Teknar verða ákvarðanir um myndbirtingar á heimasíðu og samfélagsmiðlum eftir kynningu.



Viðmið um samskipti foreldrar og starfsfólks í Ártúnsskóla

Rannveig fór yfir viðmiðin sem skólinn hefur sett sér um samskiptamiðla. Góðar ábendingar komu til að bæta við textann.

Rætt um Facebook síður bekkja, hver eigi að hafa umsjón með bekkjarsíðunum og hvort eigi að stofna nýja í upphafi hvers skólaárs. Rannveig skólastjóri mun funda með bekkjarfulltrúum og formanni foreldrafélagsins í næstu viku þar sem málefnið verður rætt.

Önnur mál

Þessa dagana er tilraunaverkefni að sleppa röðum fyrir nemendur eftir frímínútur. Ásrún og Skúli sögðust vera ánægð með þessa breytingu.

Páll spurði um opnun á skólanum á morgnana, hvort rætt hafi verið sá möguleiki að opna skólann fyrir á morgnana. Það er ekki á dagskrá en ef foreldrar óska eftir því að barn komist fyrir inn í skólann er það alltaf velkomið

Rætt hvort ákjósanlegt væri að bjóða upp á hafragraut á morgnana.

Ritari

Ellen Gísladóttir